

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 27. nóvember 2006


Efni : Umsögn um frumvarp til laga um heilbrigðisþjónustu, 272. mál.


Landssamtökin Proskahjálpi hafa fengið ofangreint frumvarp til skoðunar. Samtökin leggja mikla áherslu á að tryggt verði að ákvæði 1.töluliðar 38. greinar laganna, þar sem heimild fæst til vistunar fólks yngra en 67 ára á hjúkrunarstofnunum ætluðum öldruðum, verði ekki notað til að vista fatlað fólk á slíkum stofnunum nema orsök hjúkrunarþarfar séu sannarlega öldrunarsjúkdómar. Mikilvægt er að fótluðu fólki séu alltaf tryggð búsetuskilyrði sem henta einstaklingunum sjálfum með nauðsynlegri aðstoð óháð þeim húsakosti í hjúkrunarrými sem til er á hverjum stað.

Þá hvetja samtökin til varúðar í gjaldtöku fyrir nauðsynlega heilbrigðisþjónustu. Fatlað fólk býr almennt við fjárhag sem ekki stendur undir miklum kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu og lyfjanotkunar. Tryggja þarf að fatlaðir verði ekki af nauðsynlegri heilbrigðisþjónustu vegna fjárhagsaðstæðna.

Virðingarfyllst,

f.h. Landssamtakanna Proskahjálpar


Gerður A. Árnadóttir, formaður


Friðrik Sigurðsson, framkvæmdastjóri